



Iðnaðarnefnd Alþingis
B.t. Ágústss Geirs Ágústssonar nefndarritara

Reykjavík, hinn 27. nóvember 2002

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni og hönnunargreinum (354. mál)

Vísað er til bréfs yðar, dags. 20. nóvember 2002, varðandi umsögn um 354. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 8/1996 um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni og hönnunargreinum með síðari breytingum. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) um þingmálið.

BHM telur reglur frumvarpsins eiga rétt á sér í því skyni að draga úr óvissu um *inntak* þeirrar þekkingar sem stendur að baki starfsheitum og *réttindi* sem þeim fylgja enda er í lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni og hönnunargreinum að finna úrræði til þess að fylgja þessum réttindum eftir, sbr. 5. gr. um *úrskurðarvald* ráðherra um ágreining um notkun starfsheita og 8. gr. um *refsiviðurlög* við brotum á lögnum, sbr. einnig skyldu ráðherra til þess að halda skrá yfir leyfishafa, sbr. 6. gr. laganna. Þá skal bent á sem almenna reglu að rétt er að fagstéttarfélag hlutaðeigandi stéttar eigi lögbundna sóknaraðild í málum um brot gegn löggildingu – bæði í málum sem ráðherra getur leyst úr og fyrir dómstólum.

Þessu er því miður ekki að heilsa í lögum og reglugerðum um ýmsar heilbrigðisstéttir – eins og hefur sýnt sig í nokkrum tilvikum – en fagstéttarfélög eru um helmingur aðildarfélaga BHM. M.a. skal nefnt að í lög nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta og flest sérlög um ýmsar þessara stétta skortir bæði úrskurðarvald ráðherra og refsiviðurlög. Aðeins er í lögum þessum ákvæði um að með mál út af brotum gegn lögnum skuli farið að hætti opinberra mála – en vandséð er hver krafa handhafa opinbers valds í þessu efni geti verið þar sem refsinaemi skortir nema þegar löggiltur heilbrigðisstarfsmaður gerist sekur um brot! Í hjúkrunarlög nr. 8/1974 skortir ákvæði um úrskurðarvald ráðherra og sóknaraðild fagstéttarfélagsins, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Vakin skal athygli á þessu misræmi á réttarstöðu löggiltra starfsheita eftir því undir hvaða ráðuneyti þau heyra.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar BHM e.u.,

Gísli Tryggvason,
framkvæmdarstjóri BHM.

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Alþingis.
Heilbrigðisráðuneyti.